

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

M i n n i s b l a ð

Viðtakandi: **Fjárlaganefnd Alþingis**
Sendandi: **Fjármála- og efnahagsráðuneyti**
Dagsetning: **26. mars 2020**
Málsnúmer: **FJR20030047**
Bréfalykill: **3.1**

Efni: **Frumvarp til fjárlagaráttanna 2020 (vor) – spurningar fjárlaganefndar**

Vísað er til tölvupósta frá ritara fjárlaganefndar Alþingis dagana 24. og 25. mars með ýmsum spurningum er varða frumvarp til fjárlagaráttanna fyrir árið 2020 sem lagt var fram á Alþingi 21. mars sl. Meðfylgjandi eru spurningar nefndarinnar og svör ráðuneytisins:

1. Af hverju var ekki sótt um fjárveitingu í Atvinnuleysistryggingasjóð í frumvarpinu?

Horft var til þess að afmarka frumvarp til fjárlagaráttanna fyrir árið 2020 við nokkrar brýnar efnahagslegar mótvægisráðstafanir og heimildir vegna þeirra. Það felur í sér að á þessum tímavörðum eru ekki lagðar fram tillögur um auknar heimildir vegna annarra útgjaldamála sem tengjast áhrifum COVID-19, enda ríkir mikil óvissa um hver fjárförin verður í ár (Atvinnuleysistryggingasjóður, heilbrigðiskerfið o.s.frv.).

Fjárveitingar Atvinnuleysistryggingasjóðs eru 26,6 ma.kr. á árinu 2020 en útlit er fyrir ef fram fer sem horfir að þær munu ekki duga fyrir árið í heild sinni. Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur á hinn bóginn ekki nægar efnahagslegar forsendur að svo stöddu til að byggja á fyrir árið í heild sinni um atvinnuleysisstig eða hvert samspil hlutaatvinnuleysisbóta og aukins atvinnuleysis verður. Ráðuneytið á von á því að þessar forsendur muni skýrast þegar líða tekur á árið og verða þá lagðar fyrir þingið tillögur um viðeigandi heimildir í öðru fjárlagaráttannafrumvarpi sem lagt verður fram síðar á árinu. Fram að því hefur sjóðurinn fjárheimildir ársins í heild til að mæta útgjöldum sínum að sinni auk þess hægt væri að nýta heimildir almenna varasjóðsins.

2. Af hverju er ekki óskað eftir heimild til að víkja frá dagsetningu LOF um framlagningu fjármálaáætlunar?

Að mati ráðuneytisins er ekki þörf fyrir lagabreytingu í þessu tilviki og má m.a. í því sambandi vísa til bréfs frá ráðuneytinu til forseta Alþingis, 10. mars sl., þar sem lögð var til frestun á framlagningu fjármálaáætlunarinnar. Líkt og fram kemur í 10. gr. laga um opinber fjármál kunna að skapast þær aðstæður að óhjákvæmilegt reynist að endurskoða fjármálastefnuna þ.e. ef grundvallarforsendur gildandi stefnu bresta eða fyrirsjáanlegt er að þær muni breyta vegna aðstæðna sem ógerlegt er að bregðast við með tiltækum ráðum. Í skýringum við lagaákvæðið er tiltekið að þær aðstæður sem einkum réttlæta eða eftir atvikum krefjast endurskoðunar fjármálastefnu geta t.d. verið alvarleg skakkaföll í atvinnustarfsemi, ófyrirséður tekjusamdráttur í þjóðarúinu, náttúruhamfarir eða þjóðarvá. Lögin mæla enn fremur fyrir um að við slíkar aðstæður skuli fjármála- og efnahagsráðherra hafa forgöngu um endurskoðun fjármálastefnu og leggja í því skyni fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um breytingar á stefnunni eins fljótt og kostur er. Það er mat ráðuneytisins að forsendur fyrir framlagningu fjármálaáætlunar 2021–2025 á grundvelli gildandi fjármálastefnu séu brostnar þar sem þær efnahagslegu forsendur sem stefnan var reist á eru ekki lengur fyrir hendi af völdum heimsfaraldurs kórónaveirunnar.

Vinna við endurskoðun fjármálastefnunnar er hafin en líkt og ráða má af umfjöllun fjölmiðla síðustu daga og vikur þá ríkir óvissa sem á sér ekki hliðstæðu um framvindu og horfur næstu vikur og mánuði sem torveldar þá vinnu. Af þessum ástæðum lagði ráðuneytið til við forseta Alþingis að fresta framlagningu fjármálaáætlunarinnar en að stefnt yrði að því að leggja hana fyrir Alþingi eftir miðjan maí nk. Samhliða

verði lögð fram þingsályktun um endurskoðun á gildandi fjármálastefnu fyrir árin 2018-2022, enda hafi þá nauðsynlegar forsendur um umfang og áhrif af COVID-19 heimsfaraldrinum og efnahagsleg áhrif af honum skýrst betur þannig að grundvöllur þeirra verði orðinn stöðugari.

3. **Á bls. 11 og 12. kemur fram að ráðast eigi í og meta arðbærni allra verefna innan fjárfestingarframlaga.**
 - a. **Hvernig er ætlunin að meta hvaða fjárfestingar eru arðbærar?**
 - b. **Liggur fyrir arðsemiskrafa í þessum sambandi?**
 - c. **Hvað er gert ráð fyrir að þessi þáttur fjárfestinga fjölgi ársverkum mikið frá því sem áður var áætlað?**

Almennt var lögð á það áhersla við yfirferð á verkefnum fyrir árið 2020 að raunhæft væri að ráðast í viðkomandi verkefni á yfirstandandi ári og að um væri að ræða mannaflsfræk verkefni til að reyna að mæta minnkandi eftirspurn í hagkerfinu. Auk þess var horft til arðbærni fjárfestinga eins og unnt var út frá fyrirliggjandi upplýsingum. Ráðuneytin voru beðin um að rökstyðja arðbærni viðkomandi verkefna s.s. út frá því hvaða útgjöld og tekjur tengdust verkefninu og jafnframt með hvaða hætti verkefnin gætu leitt til sparnaðar til framtíðar eða aukið framleiðni. Í mörgum tilvikum var erfitt að leggja mat á atriði sem þessi með þeim skamma fyrirvara sem var gefinn. Þar af leiðandi var fremur tekið mið af tegund verkefnis, t.d. að flýting viðhalds dregur úr viðhaldsþörf í framtíðinni á meðan nýframkvæmdir geta leitt til framleiðniaukningar en á móti kallað á meira viðhald þegar fram í sækir. Framlög til vísinda og rannsókna eru nauðsynlegur þáttur í því að skapa fjölbreytt atvinnulíf til framtíðar sem er eitt markmiðum fjárfestingarátaksins. Þá verða grænar lausnir ekki einungis metnar til fjárhagslegrar arðsemi, en t.d. orkuskipti munu hafa jákvæð fjárhagsleg áhrif á þjóðarþúið. Loks er rétt að nefna að einnig var horft til þess hvernig verkefnin féllu að áformum í stjórnsáttmála og velsældarmarkmiðum og að ráðist yrði í fjölbreyttar fjárfestingar sem nýtast samfélaginu í heild.

Eitt aðalatriði fjárfestingarátaksins er að skapa störf sem fyrst til að veða á móti auknu atvinnuleysi með fjölbreyttum verkefnum. Því voru ráðuneytin einnig beðin um mat á fjölda ársverka eða stöðugilda á tíma verkefnisins og eftir að því lýkur. Skil ráðuneytanna á þeim upplýsingum voru nokkuð takmörkuð og endanleg greining á þessum þætti er því enn í vinnslu.

Það hefur ekki verið skilgreint neitt ákveðið arðsemismarkmið fyrir þau verkefni sem verið er að ráðast í á árinu 2020. Í því sambandi má benda á að verkefnin eru mjög fjölbreytt og því erfitt að leggja sama mælikvarða á öll verkefnin. Þá er einnig rétt að geta þess að unnið er að undirbúningi fjárfestingarátaks fyrir árin 2021-2023 samhliða því sem unnið er að því bæta umgjörðina um fjárfestingarverkefni hins opinbera. Í því sambandi er horft til þess að ná fram skýrum vísbendingum um arðsemi verkefni en ljóst má vera að erfitt er að fara í heildstæða kostnaðar- og ábatagreiningu nema fyrir allra stærstu fjárfestingarverkefnin.

4. **Að auka hlutafé í opinberum félögum í því skyni að auka fjárfestingargetu þeirra á árinu 2020. Hve mikið er talið að arðsemi opinberu félaganna aukist með auknum fjárfestingum og hvers vegna fá félögin ekki lán frá ríkissjóði sem þau endurgreiða með aukinni arðsemi?**

Hér er verið að horfa til þess að ríkið þurfi að styðja við rekstur og fjárfestingar einstakra félaga með þessum hætti. Helstu dæmin um þetta eru Isavia og Farice. Isavia horfir fram á brostin rekstrargrundvöll sem kallar á mikla endurskipulagningu í rekstri, vonandi tímabundið. Félagið er hins vegar með áætlun um fjárfestingarverkefni (flýti-verkefni) sem leiða til hagræðingar í rekstri til lengri tíma auk þess að mæta kröfum ríkisins um stuðning við atvinnulífið við núverandi aðstæður. Isavia hefur verið afar arðbært félag síðustu árin og m.v. alþjóðlegar spár um þróun flugs og stöðu Keflavíkurflugvallar ætti framtíðin að vera ágætlega björt þó vissulega verði þetta ár og mögulega eitthvað fram á það næsta félaginu erfitt. Félagið er með lánasamninga sem í eru kvaddir um að það viðhaldi vissum kennitölum samkvæmt tilgreindum viðmiðum, t.d. varðandi skuldsetningu, sem gætu auðveldlega brostið ef skuldir félagsins aukast verulega í stað þess að aukið sé við hlutafé þess.

Varðandi Farice er félagið með sterkt sjóðstreymi en taprekstur vegna hárra afskrifta og fjármagnskostnaðar. Á vegum ríkisins er til skoðunar að leggja þriðja gagnasæstrenginn til Evrópu til að tryggja betur fjarskiptaöryggi landsins og hefur Farice verið falið að undirbúa verkefnið. Miklar líkur eru á því að Farice verði einnig falið að leggja og reka strenginn, en ekki hefur verið ákveðið hvort að kostnaður

við rannsóknir og lagningu strengsins verði færður inn á efnahag félagsins í formi hlutafjárhækkunar, eða með öðrum hætti. Þó reksturinn sé ekki arðbær eins og er, liggur fyrir að öruggar gagnatengingar við útlönd munu hafa margfeldisáhrif út í samfélagið, sem skilar þjóðhagslegum ábata, og að gagnaflutningar um sæstrengi mun aðeins aukast til framtíðar. Því er rekstur félagsins líklegur til að komast í jafnvægi til lengri tíma lítið.

5. Að heimila gerð samnings við Íslandsstofu um samræmt kynningar- og markaðsstarf erlendis á árunum 2020–2021 til að bregðast við neikvæðum áhrifum heimsfaraldurs á íslenska ferðaþjónustu. Hvers vegna eru ekki tilgreind fjárhæðamörk samningsins?

Í samræmi við 40. gr. laga um opinber fjármál var talið nauðsynlegt að afla heimildar í fjárlögum til að gera samning um afmarkað verkefni við Íslandsstofu vegna kynningar- og markaðsátaks til að bregðast við neikvæðum áhrifum heimsfaraldurs á íslenska ferðaþjónustu. Ekki þótti þörf á því að tilgreina fjárhæðina sérstaklega enda kemur fram í gjaldakafla frumvarpsins hver fjárhagsramminn er vegna verkefnisins. Innlenda markaðsátakið er hins vegar annars eðlis, enda ekki um samning að ræða við tiltekinn aðila um afmarkað verkefni, og af þeim sökum þótti eðlilegt að tilgreina fjárhæðina sérstaklega í heimildagreininni sem slíkri.

6. Kveðið skal á um það í samningnum að ríkissjóður tryggi Seðlabankanum skaðleysi vegna þess kostnaðar sem hann kann að verða fyrir vegna slíkrar fyrirgreiðslu.

a. Hver er munurinn á skaðleysi bankans samkvæmt þessari grein og almennu skaðleysi sem felst í skyldum fjármálaráðherra til að uppfylla eiginfjárgrunn bankans árlega samkvæmt ákvæðum 6. gr. fjárlaga?

Um er að ræða sérstakt og tímabundið verkefni sem miðað er við að Seðlabankinn muni annast á grundvelli samnings við ríkissjóð vegna heimsfaraldursins. Verkefnið telst ekki hluti af almennum skyldum bankans sem leiða af lögum um Seðlabanka Íslands. Af þeim sökum þótti rétt að tiltaka það sérstaklega að skaðleysi bankans yrði tryggt við framkvæmd þessa afmarkaða verkefnis. Í minnisblaði sem ráðuneytið hefur eftir frekara samráð við Seðlabanka Íslands sent fjárlaganefnd og efnahags- og viðskiptanefnd eru lagðar til breytingar á ofangreindum ákvæðum sem hafa áhrif á þetta fyrirkomulag með þeim hætti að ekki verður þörf fyrir þetta orðalag varðandi samninginn við bankann.

b. Mun Seðlabankinn ekki þurfa að stofna hlutafélag um lánapakann, einhverja útgáfu af Lindarhvoli ehf. með þeim kostum og göllum sem slíkri starfsemi fylgdu?

Seðlabankinn mun ekki stofna sérstakt hlutafélag um verkefnið, enda mun Seðlabankinn ekki lána fé, heldur hafa milligöngu um að veita ábyrgðir ríkissjóðs á lánum sem lánastofnanir veita. Því er miðað við að í þeim tilfellum þar sem lán gjaldfellur og tap raungerist muni lánastofnanir, skv. samningi, sjá um endurheimtur að fullu af þeim lánum sem falla undir þessar ábyrgðir og að ríkið og lánastofnanimar fái í réttu hlutfalli (pro-rata) hlutdeild í endurheimtum eftir því sem þær greiðast og að ábyrgðin á lánasafni viðkomandi lánastofnunar lækki til samræmis. Ekki er því gert ráð fyrir að Seðlabankinn þurfi að koma að innheimtu eða endurheimtu lána með nokkrum hætti. Einnig er gert ráð fyrir því að uppgjör vegna útlánatapa lánastofnana fari fram eftir verkferlum sem samið yrði um í upphafi samstarfs.

c. Má ekki gera ráð fyrir að afskrifa þurfi stærstan hluta þessara lána?

Kostnaði af virðisrymun lána verður hlutfallsskipt milli bankanna og ábyrgðar ríkissjóðs. Af því leiðir að bankarnir munu hafa hvata til að haga lánveitingum með þeim hætti að þær takmarki útlánatöp. Þessu til viðbótar er ljóst að í flestum tilvikum eru bankarnir þegar með útistandandi lánveitingar eða lánalínur til sinna viðskiptavina og hafa mikla hagsmuni af því að þeir fari ekki í þrot. Tapið af þessum ábyrgðum mun þó að mestu ráðast af almennri efnahagsframvindu. Eftir því sem efnahagsþrengingar sem leiða af COVID-19 verða dýpri og þyngrri aukast líkur á að gjaldfæra þurfi hærri kostnað vegna þessara ábyrgða. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að gera megi ráð fyrir því að tapsáhætta ríkissjóðs sé veruleg, en samkvæmt heimildarákvæðinu er hún hins vegar takmörkuð við helming af höfuðstól slíkra viðbótarlána og að

heildarfjárhæð þeirra verði ekki hærri en 35 ma.kr. Nánara mat á afskriftaþörf mun þó ekki liggja fyrir fyrr en eftir að samskipti við lánastofnanir um endanlegt fyrirkomulag hafa átt sér stað, reynsla verður komin á þátttöku banka og fyrirtækja í úrræðinu og hvernig atvinnulífinu vegnar þegar veirufaraldurinn verður yfirstaðinn.

- d. Ábyrgðir ríkissjóðs eru tímabundnar (til 18 mánaða) og falla síðan úr gildi. Hefur verið skoðað hvaða áhrif það hefur við framkvæmd ábyrgðarinnar ef þau fyrirtæki sem nutu lánaþingreiðslunnar geta ekki greitt þegar kemur að niðurfellingu ábyrgðar? Takmarkar það svigrúm fjármálastofnana til að taka þátt í átakinu?**

Gert er ráð fyrir að lánin geti verið til lengri tíma en 18 mánaða þótt ábyrgðin falli niður að þeim tíma liðnum. Ef samdrátturinn varir lengur en spáð var í fyrstu og lánastofnun metur að edlilegt gæti verið að framlengja lán, gæti myndast þörf á því að framlengja ábyrgðirnar og verður það gert í samræmi við verklag samkvæmt samningi milli Seðlabankans og lánastofnana.

- e. Kom til greina að í stað þess að veita lán myndi ríkissjóður koma með eiginfjárframlög til atvinnurekstrarins sem eigendur gætu síðan keypt til baka þegar tímar væru hagstæðari?**

Slíkt hefur ekki komið til athugunar enda er flækjustig þess að útfæra almennt úrræði af þessu tagi mikið. Það er þó ekki hægt að útiloka að fleiri aðferðir til að styðja við atvinnulífið verði skoðaðar reynist þörf á frekari stuðningi.

- 7. Bls. 12. Lagt er til að veittar verði 15 ma.kr. í sérstakt tímabundið átak til að flýta framkvæmdum og fjárfestingum.**

- a. Hver er í þessu samhengi munurinn á framkvæmdum og fjárfestingum?**
b. Hve miklu er ráðgert að veita í hvorn málaflokkinn (svar kemur að einhverju marki fram í töflu í greinargerð á bls. 13.)

Hið sérstaka tímabundna átak nær fyrst og fremst til fjárfestinga. Þar af leiðandi er gengið út frá því að um sé að ræða fjárfestingarverkefni í þeim skilningi að þau verði eignfærð í ríkisreikningi eða að þau feli í sér fjármagnstilfærslu ríkissjóðs til annarra geira hagkerfisins, s.s. sveitarfélaga, sem nýta tilfærsluna til fjárfestinga. Framkvæmdir geta í þessum skilningi talist til fjárfestinga, t.a.m. framkvæmdir í samgöngukerfinu, viðhaldsframkvæmdir o.þ.h. Að þessu leyti er ekki gerður sérstakur greinamunur á framkvæmdum og fjárfestingum. Orðalagið í greinargerðinni er einkum til að leggja áherslu á að með átakinu er einnig verið að flýta framkvæmdum eða verkefnum sem eru nú þegar í undirbúningi. Í slíkum tilfellum mun skapast svigrúm fyrir önnur verkefni á gildistíma fjármálaáætlunar.

Gerð verður nánari grein fyrir sundurliðun á fjárfestingarheimildinni niður á verkefnaflokka og einstök fjárfestingarverkefni í tillögu að þingsályktun sem lögð verður fram í þessari viku.

- 8. Bls. 19. Ákvæði laga þessara munu að öðru leyti ekki gilda um þær ábyrgðarskuldbindingar sem ríkissjóður mun undirgangast með samningi við Seðlabanka Íslands. Hvað er átt við með þessu?**

Gert er ráð fyrir því að Seðlabankinn hafi milligöngu um veitingu ábyrgða ríkissjóðs til lánastofnana sem þær nýta til að veita viðbótarlán til viðskiptavina sinna sem uppfylla sett skilyrði. Um væri að ræða sérstakt úrræði sem mun ekki falla undir löggjöf um ríkisábyrgðir enda lúta þær ríkisábyrgðir sem fjallað er um í þeim lögum allt öðrum skilyrðum en ábyrgðir vegna viðbótarlána. Ljóst er að þær ábyrgðir sem hér er verið að leggja til falla ekki að þeim skilyrðum og verklagi sem gert er ráð fyrir í núgildandi lögum um ríkisábyrgðir. Til að taka af allan vafa um að lög um ríkisábyrgðir eigi ekki við ábyrgðarskuldbindingar sem þessar var því lagt til að við þau lög bætist nýtt bráðabirgðaákvæði um að ríkissjóði sé heimilt að gera slíkan samning við Seðlabankann, enda eiga þau lög almennt ekki að gilda þegar markmiðið er að veita almennan efnahagslegan stuðning til fyrirtækja. Ákvæði laga um ríkisábyrgðir munu þar af leiðandi ekki gilda um þær

ábyrgðarskuldbindingar sem ríkissjóður mun undirgangast með samningi við Seðlabankann í samræmi við heimildarákvæðið. Er það gert sökum þess að þau lög eiga fyrst og fremst við þegar ríkissjóður veitir ábyrgðir vegna fjármögnun einstakra framkvæmda eða verkefna en ekki þegar verið að er veita almennan efnahagslegan stuðning til fyrirtækja.

Nánari umfjöllun um bráðabirgðaákvæði við lög um ríkisábyrgðir er að finna frumvarpi til laga um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru, sem lagt var fram samhliða fjárukalagafrumvarpinu, sjá þingskjal 1157. – 683. mál.

9. Bls. 19. „Seðlabanka Íslands er heimilt að veita lánastofnunum ábyrgð, án viðtöku trygginga, til að auðvelda þeim að veita viðbótarlán til fyrirtækja sem orðið hafa fyrir verulegu tekjutapi vegna heimsfaraldurs, enda ábyrgist ríkissjóður skaðleysi Seðlabankans af þeirri efnahagsráðstöfun.“

a. Hvað er átt við með þessu, mun Seðlabankinn innheimta þau lán sem kunna að gjaldfalla hjá lánastofnunum eða mun Seðlabankinn og síðan ríkissjóður taka þau á sig? Í þessu sambandi verður að horfa til þess að lánastofnanirnar verða áfram gjaldfærar þrátt fyrir að þær kunni að tapa útlánum úr útlánaflokknum.

Seðlabankinn mun ekki sjá um innheimtu eða endurheimtu lána og ekki eignast kröfur á einstaka fyrirtæki. Samskipti við þau fyrirtæki sem taka viðbótarlán verða alfarið á hendi lánastofnana (sjá einnig svar við 6.b).

10. Af hverju eru skilyrðin sem fram koma í greinargerð (á bls. 19 og 20) ekki sett inn í heimildagreininna sjálfa, þ.e. lið 7.32 ?

Tilgangur heimildagreinarinnar er að veita heimild til að gera samning um framkvæmd afmarkaðs og tímabundins verkefnis við Seðlabankann. Í ákvæðinu koma fram þær meginforsendur sem þarf að uppfylla í slíkum samningi vegna framkvæmd verkefnisins. Greinargerð frumvarpsins til fjárukalaga telst jafnframt hluti af þeim lögskýringargögnum sem lögð eru til grundvallar þegar kemur að túlkun heimildarinnar. Þau skilyrði sem koma fram í greinargerðinni ramma inn þær kröfur sem þarf að uppfylla í samningi við Seðlabankann. Á hinn bóginn er margt óljóst um stöðu fyrirtækja og því þörf á ákveðnum sveigjanleika við endanlega mótun ofangreindra skilyrða, þannig að úrræðið komi að sem mestum notum fyrir fyrirtækin. Endanleg nánari skilyrði munu koma fram í samningi ráðuneytisins við Seðlabankann. Í tillögu ráðuneytisins að breytingu á heimildagreininni hefur eitt lykilskiilyrðið verið tekið inn í heimildagreininna, þ.e. um að ábyrgð ríkisins geti að hámarki numið 50% af hverju veittu viðbótarláni.

11. Af hverju er ekki nú þegar kveðið á um hvert hámarkslán til einstakra fyrirtækja á að vera, sbr. tölulið 3. í greinargerð neðst á bls. 19 ?

Í skilyrðunum í greinargerðinni er nefnt að lán geti að hámarki numið tvöföldum árslaunakostnaði viðkomandi fyrirtækis á næstliðnu ári. Sökum þeirrar óvissu um stöðu fyrirtækja og um það hvaða fyrirtækjum úrræðið muni gagnast best er ekki talið rétt að kveða nánar á um hámarkslán. Vinna þarf nánari greiningu á stöðu fyrirtækja áður en slíkt hámark verður skilgreint og einnig verður að ætla viðskiptaböndunum nokkurt svigrúm til að meta stöðu viðskiptavina sinna í samræmi við hlutverk þeirra í atvinnulífinu.

12. Hvernig verður háttað skiptingu ábyrgða milli lánastofnana? Hvað ef einn viðskiptabanki fullnýtir ábyrgðirnar, sitja þá hinir eftir?

Í heimildagreininni kemur fram að í samningi ríkisins við Seðlabankann skulu tilgreind þau hlutlægu skilyrði sem lögð verða til grundvallar ákveðunum Seðlabankans um skiptingu ábyrgða milli lánastofnana. Miðað er við að hver lánastofnun fái ákveðinn ramma sem taki mið af hlutdeild þeirra í viðskiptum við fyrirtæki sem uppfylla skilyrði til lántöku. Komi til þess að tiltekin lánastofnun nýti ekki rammann innan tilgreinds tíma kæmi til greina að víkka ramma aðra lánastofnana.

13. Það er sótt um 95 mia.kr. í viðbótarlánsheimild en útstreymi úr ríkissjóði verður meira.

- a. Skýringin er væntanlega sú að ríkissjóður er með mikið handbært fé í byrjun árs – Er það ekki skýringin eða hvað? Hvað er það mikið í upphafi þessa árs?
- b. Í hverju liggur munurinn á hækkun lánsfjárheimilda upp á 95 ma.kr. og fjáráaukanum sjálfum upp á 21 ma.kr. Skýrist munurinn af tekjusamdrætti? Er til staðar einhver sundurliðun á þessu, hve mikið vegur frestun skatttekna og niðurfelling tekna? Hve mikið vegur áætluð útgjaldaaukning í þessu samhengi.

Sökum mikillar óvissu um efnahagshorfur er erfitt að skilgreina lántökuþörf ríkisins fyrir allt árið 2020 nákvæmlega á þessum tímapunkti en ljóst er að þörfin fer vaxandi vegna samdráttar í tekjum, útgjalda vegna atvinnuleysis, nýrra aðgerða í fjárákalogum og vegna hlutaatvinnuleysisbóta og frestunar á gjalddögum vegna staðgreiðslu tekjuskatts og tryggingagjalda. Sjóðstaða ríkissjóðs hefur verið ágæt (um 40 ma.kr.) og ýmis tæki eru til að afla lánsfjár til skemmri tíma (t.d. með ríkisvixlum og peningamarkaðslánum) sem henta vel til að stýra lausafjárstöðunni. Þá hefur ríkissjóður ýmis önnur úrræði til fjármögnunar, t.d. með því að nýta gjaldeyriseign sína. Vænta má nánari umfjöllunar um fjármögnunarþörfina í næstu fjármálaáætlun.

14. Er hægt að fá frekari sundurliðun á þeim 8 ma.kr. sem nefndir eru í greinargerð í tengslum við heimild 7.29. Hvernig voru þessir 8 ma.kr. fundnir? Hvaða opinberu fyrirtæki koma þarna við sögu?

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að óskað er eftir fyrrgreindri heimild í því skyni að efla fjárfestingargetu ríkisfyrirtækja á árinu 2020. Ekki er víst að nýta þurfi þessa heimild nema að takmörkuðu leyti. Endanleg ráðstöfun ræðst m.a. af fjárfestingaráætlunum félaganna og möguleikum þeirra til að flýta verkefnum. Mögulegt er einnig að eiginfjárframlag á árinu 2020, ef af verður, muni einnig endurspegla fjárfestingaáætlanir þeirra næstu eitt til tvö ár eftir 2020, ef það verður talið æskilegt og í anda þeirra áherslna sem liggja hér að baki. Þau félög sem helst er horft til hvað aukið hlutfé varðar eru Isavia ohf. og Farice ehf., en bæði þessi félög eru 100% í eigu ríkisins. Í fjárfestingaráætlun Isavia fyrir árið 2020 er áætlað að fjárfesta fyrir 5,4 ma.kr. og í flýti framkvæmdum á vegum félagsins komu til viðbótar um 3,3 ma.kr. Það er hins vegar leitun að fyrirtæki í landinu sem útbreiðsla Covid-19 veirunnar hefur eins mikil áhrif á og Isavia og ljóst að félagið mun þurfa að endurskipuleggja rekstur sinn næstu mánuði. Því er útilokað að félagið muni geta staðið undir fyrrgreindu fjárfestingarstigi án stuðnings frá ríkinu. Í ljósi áherslna ríkisins um að viðhalda fjárfestingar- og atvinnustigi í landinu og til að tryggja að Isavia geti viðhaldið samkeppnishæfni Keflavíkurflugvallar eftir að fyrrgreindum veiruáhrifum lýkur er líklegt að ríkið muni þurfa og vilji auka hlutfé félagsins talsvert.

Eins og fram kemur í svari við spurningu 4, er til skoðunar að ríkið leggi nýjan gagnasæstreng til Evrópu og að líklegast verði Farice falið það verkefni. Heildarumfang þess gæti orðið um 5,8 ma.kr. árin 2020–2022. Einn af mögulegum valkostum er að fjármögnun þessa verkefnis verði í formi hlutfjáraukningar félagsins.